

## ✉ Re: Skipulagslýsing Þeistareykjalands

Búið til	2.7.2020 10:09:55
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	2.7.2020 10:09:54
Tilheyrir	📁 202006-0022 - Deiliskipulag ferðapjónustu á Þeistareykjum Þingeyjarsveit – Skipulagslýsing

### Efni

Re: Skipulagslýsing Þeistareykjalands
---------------------------------------

### Upplýsingar

Sent	2.7.2020 10:09:54	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	gudjon@skutustadahreppur.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202006-0022

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Skútustaðahreppi, dags 15. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag fyrir Þeistareykjaland þar sem áherslan er á að skilgreina þætti sem snúa að ferðapjónustu og samspil hennar við náttúru svæðisins og virkjun. Innan skipulagssvæðisins er deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar sem mun halda gildi sínu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og telur að í henni sé komið inn á flest það sem skoða þarf í tengslum við gerð nýs deiliskipulags. Eins og kemur fram í lýsingunni, og eðlilegt er miðað við það svæði sem er til umræðu, er aðal áherslan á jarðminjar svæðisins og þá þætti verndar sem snúa að þeim. Mikilvægt er einnig að skoða gróðurfar þ.e. sérstaklega jarðhitagróður sem oft er mjög viðkvæmur og fágætur og helst oft í hendur við fágæti jarðhitasvæða. Viðkvæmni gróðurs t.d. fyrir átroðningi ferðamanna á einnig við um gróður í hraunum s.s mosa og fléttur. Í heimildaskrá virðist vanta skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands sem unnin var fyrir Landsvirkjun „Áhugaverðar jarðminjar við Kröflu og Þeistareyki“ Sigríður María Aðalsteinsdóttir og Lovísa Ásbjörnsdóttir, NI-19006 <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19006.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2019/NI-19006.pdf>). Einnig er rétt að benda á eftirfarandi skýrslur/gögn Náttúrufræðistofnunar um jarðfræði, gróður, vistgerðir, vernd o.fl. sem vel geta nýst við frekari vinnslu í þessu verkefni: <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09013.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09013.pdf>); <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09012.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09012.pdf>); <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09014.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09014.pdf>); <http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09015.pdf> (<http://utgafa.ni.is/skyrslur/2009/NI-09015.pdf>); <https://www.ni.is/grodur/vistgerdir> (<https://www.ni.is/grodur/vistgerdir>). Jafnframt má benda á valista og friðun plantna <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur> (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur>). Ennfremur eru ýmsar kortasjar Náttúrufræðistofnunar sem geta komið að notum, sjá hér <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/kortasjar> (<https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/kortasjar>).

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Guðjón Vésteinsson" <gudjon@skutustadahreppur.is>  
**To:** "hne@hne.is" <hne@hne.is>; "Land.is - LAND" <land@land.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "landsvirkjun@landsvirkjun.is" <landsvirkjun@landsvirkjun.is>; "info@northiceland.is" <info@northiceland.is>; "Sædis Gunnarsdóttir" <saedis@minjastofnun.is>; "info@visitmyvatn.is" </o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDL>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Akureyri - NI" <nia@ni.is>; "nna@nna.is" <nna@nna.is>; "Þorkell Lindberg Þórarinsson" <thorkell.lindberg@gmail.com>; "Norðurþing" <nordurthing@nordurthing.is>; "sunn@sunn.is" <sunn@sunn.is>; "Skipulagsstofnun" <skipulag@skipulag.is>; "Skútustaðahreppur" <skutustadahreppur@skutustadahreppur.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Vegagerðin" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Gunnar H. Guðmundsson" <gunnar.h.gudmundsson@vegagerdin.is>; "Margrét Silja Þorkelsdóttir" <margret.s.thorkelsdottir@vegagerdin.is>; "heidargardur@simnet.is" <heidargardur@simnet.is>  
**CC:** "Helga Sveinbjörnsdóttir" <Helga@thingeyjarsveit.is>  
**Subject:** Skipulagslýsing Þeistareykjalands  
**Date:** 15.6.2020 16:04:27

#### Deiliskipulag Þeistareykjalands - Skipulagslýsing

Í undirbúningi er gerð deiliskipulags Þeistareykjalands í Þingeyjarsveit. Tilgangur með gerð skipulagsins er að skilgreina þætti sem snúa að ferðaþjónustu og samspili hennar við náttúru og nýja virkjun. Unnin verður heildstæð stefna þar sem hagsmunir ólíkra aðila verða samþættir með það að markmiði að gera Þeistareykjaland áhugavert og öruggt fyrir ferðamenn og vernda viðkvæma náttúru svæðisins. Innan skipulagssvæðisins er deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar, sem mun halda gildi sínu.

Í samræmi við ákvæði 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er í upphafi verks lögð fram lýsing fyrirhugaðrar skipulagsvinnu þar sem fram koma áherslur sveitarstjórnar við skipulagsgerðina, upplýsingar um helstu forsendur og fyrirbyggjandi stefnu. Þar er einnig gerð grein fyrir fyrirhuguðu skipulagsferli og kynningu og samráði við íbúa sveitarfélagsins og aðra hagsmunaaðila.

Með framlagningu og kynningu lýsingar hefst samráð við íbúa, umsagnaraðila og aðra hagsmunaaðila og er óskað eftir því að þeir leggi fram sjónarmið og ábendingar, sem að gagni geta komið við gerð skipulagsins.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar á Laugum og á vefsíðu sveitarfélagsins [www.thingeyjarsveit.is](http://www.thingeyjarsveit.is) (<http://www.thingeyjarsveit.is>) og er hér í viðhengi. Ábendingum skal skila skriflega til Þingeyjarsveitar, Kjarna, 650 Laugum eða á netföngin [gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is) (<mailto:gudjon@skutustadahreppur.is>) eða [helga@thingaeyjarsveit.is](mailto:helga@thingaeyjarsveit.is) (<mailto:helga@thingaeyjarsveit.is>) í síðasta lagi 9. júlí 2020. Tilgreina skal nafn, kennitölu og heimilisfang í innsendum erindum.

Skipulagslýsing er einnig send á eftirfarandi umsagnaraðila:

Fjallskilastjóri Aðaldælinga

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Landgræðslan

Landsnet

Landsvirkjun

Markaðsstofa Norðurlands

Minjastofnun Íslands

Mývatnsstofa

Náttúrufræðistofnun Íslands

Náttúrustofa Norðausturlands

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Norðurþing

SUNN, samtök um náttúruvernd á Norðurlandi

Skipulagsstofnun

Skútustaðahreppur

Umhverfisstofnun

Vegagerðin

Bestu kveðjur



**Guðjón Vesteinsson**

Skipulagsfulltrúi

Skútustaðahreppur og Þingeyjarsveit



Sími/Tel. (+354) 464 6664

[gudjon@skutustadahreppur.is](mailto:gudjon@skutustadahreppur.is) (mailto:gudjon@skutustadahreppur.is)

[www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is) (http://www.skutustadahreppur.is/)



Meðferð tölvupósts - Disclaimer (<http://www.skutustadahreppur.is/v/19465>)

## Viðhengi

image007.jpg (1 KB)

image001.png (27 KB)

image005.jpg (26 KB)

image001.gif (2 KB)

image006.png (5 KB)

image003.png (4 KB)